

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2014  
Tilvísun: UST20140600037/bs

### Sjóvörn vestan við Írskabrunn - umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða gerð sjóvarnar í því skyni að verja Írskabrunn fyrir ágangi sjávar. Ráðgert er að staðsetja grjótvörnina um 25 m fyrir framan brunninn. Garðurinn verður um 50 m að lengd. Efnisþörf er um 350 m<sup>3</sup> af sprengdum kjarna og grjóti sem sótt verður í opna námu á Rifi. Að auki verða teknir um 20 m<sup>3</sup> af grjóti úr garðstæði sem notaðir verða til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkisins. Garðurinn verður hafður í sömu hæð og sjávarkambur eða um 0,80 - 1,5 m fyrir ofan núverandi landhæð. Mun þetta einnig draga úr sjónrænum áhrifum. Aðkoma að framkvæmdarsvæði verður um Útnesveg og eftir malarvegi að bílastæði við Írskabrunn. Leggja þarf um 20 m langan vinnuveg frá bílastæði að framkvæmdarsvæði. Vinnuvegurinn mun liggja um sandi orpið hraun og mun hrauni því ekki verða raskað við þennan þátt framkvæmdarinnar.

Samráð hefur verið haft við Þjóðgarðsyfirvöld og Umhverfisstofnun um framkvæmdina. Umhverfisstofnun telur að hér sé um fremur litla afturkræfa framkvæmd að ræða sem muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda að sækja þarf um leyfi stofnunarinnar fyrir umræddri framkvæmd.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur